

BREIÐ BROS

Lög samtakanna

1. grein

Heiti og lögheimili

Nafn samtakanna er Breið bros. Undirtitill samtakanna er „Samtök aðstandenda barna með skarð í vör og góm“. Heimili þess og varnar þing er í Reykjavík.

2. grein

Hlutverk samtakanna

Tilgangur samtakanna er starf að málefnum barna fæddum með skarð í góm og vör, og önnur andlitslýti. Samtökin eru aðili að Umhyggju með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Þau vinna að hagsmuna- og réttindamálum þessara barna og aðstandenda þeirra, sjálfstætt eða á vegum Umhyggju eða í samvinnu við önnur aðildarfélag Umhyggju. Ríkur þáttur í starfinu er innbyrðis fræðsla og stuðningur og jafnframt að stuðla að auknum skilningi almennings og stjórnvalda á þessum málefnum.

3. grein

Félagsmenn

Félagar í samtökunum geta orðið foreldrar barna fædd með skarð í vör og góm, og önnur andlitslýti, svo og fagfólk sem með einum eða öðrum hætti vinnur að málefnum þeirra og aðrir þeir sem áhuga hafa á að leggja samtökunum og tilgangi þeirra lið.

Aðeins þeir félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og félagsfundum og eru kjörgengir í stjórnarkjöri. Greiði félagsmaður ekki árgjald í tvö ár í röð skal hann felldur út af félagaskrá.

4. grein

Stjórn

Stjórn samtakanna skipa 5 menn kjörnir á aðalfundi og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn. Annað hvert ár skulu tveir stjórnarmenn kosnir og hitt árið þrír.

Fráfarandi formaður boðar fyrsta fund nýrrar stjórnar eins fljótt og auðið er og skal hann haldinn eigi síðar en tveimur vikum eftir aðalfund. Á þeim fundi

skal ný stjórn skipta með sér verkum, þ.e. velja sér formann, gjaldkera, ritara og tvo meðstjórnendur.

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Allar veigameiri ákvarðanir stjórnar skulu teknar á formlegum stjórnarfundum og skulu haldnar fundargerðir um slíka fundi. Stjórnarfundur telst ályktunarhæfur séu a.m.k. þrjú stjórnarmenn mættir. Standi atkvæði á jöfnu við atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns úrslitum. Verði stjórn félagsins óstarfhæf af einhverjum orsökum skal þegar í stað boðað til félagsfundar sem kýs nýja menn í stjórn í stað þeirra sem látið hafa af störfum.

Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að setja á laggirnar vinnuhópa eða nefndir til að sinna sérstökum málefnum á vegum félagsins.

5. grein

Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn árlega í nóvember og skal boða hann skriflega með a.m.k. 2 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmatúr sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar

- a) Kosning fundarstjóra.
- b) Kosning fundarritara.
- c) Skýrsla stjórnar, flutt af formanni.
- d) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
- e) Kosning stjórnar, sbr. 4. grein.
- f) Kosning þriggja fulltrúa á aðalfund Umhyggju (haldinn í febrúar).
- g) Kosning skoðunarmaður.
- h) Árgjald ákveðið. Foreldrar greiði eitt árgjald.
- i) Lagabreytingar.
- j) Önnur mál.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, hafi þá breytingartillögum verið dreift með fundarboði. Breytingarnar eru lögmatar ef aðalfundur er löglegur og tveir þriðju hlutar fundarmanna greiða þeim atkvæði.

6. grein

Félagsfundir

Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar komi fram skrifleg ósk um slíkan fund frá a.m.k. 15 atkvæðisbærum félagsmönnum. Fundurinn skal haldinn innan þriggja vikna frá því að slík ósk berst til stjórnarinnar á sannanlegan hátt. Á slíkum fundi er meðal annars heimilt að bera fram vantrauststillögu á stjórn félagsins og telst slík tillaga samþykkt ef a.m.k. tveir þriðju hlutar

fundarmanna greiða henni atkvæði. Verði slík tillaga samþykkt skal kjósa nýja stjórn á sama fundi.

Boði stjórn félagsins ekki félagsfund þrátt fyrir löglega framkomna ósk þess efnis geta fundarbeiðendur snúið sér til stjórnar Umhyggju og skriflega óskað eftir því að hún auglýsi félagsfund í félaginu. Telst slíkur fundur ályktunarhafur sé til hans boðað með almennri auglýsingu með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

7. grein

Félagsslit

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi. Telst ákvörðunin aðeins lögmæt ef a.m.k. 90% atkvæðisbærra fundarmanna samþykkir tillögu um slit félagsins. Sama gildir um samruna félagsins við önnur félög. Tillögur þessa efnis verða því aðeins teknar til umfjöllunar að þær hafi verið sendar út með fundarboði.

Eigi félagið einhverjar eignir þegar til slita þess kemur skulu þær renna óskiptar til Barnaspítala Hringins.

8. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á stofnfundi samtakanna 8. nóvember 1995

[1] Breytt á aðalfundi 14. nóvember 1996

[2] Breytt á aðalfundi 29. nóvember 1999

[3] Breytt á aðalfundi 10. nóvember 2003